

Á flóttu undan kerfinu? Konur sem velja að fæða án aðstoðar

Berglind Hálfhánsdóttir, ljósmóðir PhD, dósent í ljósmóðurfræði við Hjúkrunar- og ljósmóðurfræðideild Háskóla Íslands.

Breytingar síðustu ára í íslenskri fæðingarþjónustu hafa margar hverjar snúist um að laga þjónustuna betur að þörfum fæðandi kvenna og fjölskyldna þeirra. Í dag er boðið upp á fjölbreytta valkosti í fæðingarþjónustu, allt frá heimafæðingum með ljósmóður að þverfræðilegri þriðja stigs sjúkrahúsþjónustu. Lög um réttindi sjúklinga tryggja sjálfsákvörðunarrétt fæðandi kvenna og ljósmæður á öllum þjónustustigum starfa eftir hugmyndafræði um konuna við stjórnvölinn. Engu að síður virðist barneignarþjónustunni ekki hafa tekist að mæta þörfum allra hópa, þar sem undanfarin ár hefur komið upp umræða hér á landi um fæðingar án aðkomu heilbrigðisstarfsfólks. Slíkar fæðingar hafa þekkt erlendis um langa hríð og gjarnan verið tengdar ágöllum í fæðingarþjónustu á borð við háa inngripatíðni og brotakennda þjónustu.

Tilvist fæðinga án aðstoðar á Íslandi sendir okkur sem störfum við barneignarþjónustu skýr skilaboð um að líta í eigin barm, um að okkur hafi ekki tekist að fullu það ætlunarverk okkar að bjóða upp á einstaklingshæfða þjónustu sem við lögum að þörfum hvefarr og einnar konu. Þó ákvörðun um fæðingu án aðstoðar sé í sumum tilvikum eingöngu á jákvæðum forsendum, valdeflandi ákvörðun konu sem hefur trú á eigið innsæi og getu til að fæða barn sitt án aðstoðar, getur slík ákvörðun í öðrum tilvikum verið síðasta úrræðið á flóttu undan kerfinu. Um leið og við virðum rétt kvenna til að velja þá fæðingu sem þær telja besta fyrir sig og barn sitt, hvort sem sú fæðing krefst nærveru okkar eða ekki, verðum við að spyrja erfiðra spurninga um ástæður þess að sumar konur telja sig betur settar án okkar og hvað við getum gert til að mæta þörfum þeirra.